

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti HÖN173	
	Námsáætlun Haustönn 2016	



Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	Sk.st. HBJ	Viðtalstími. Miðv. kl. 11:20-12:00 hbj@vma.is
----------------	---------------------------	-----------------------------	--

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnast nemendur nokkrum grunnatriðum á ýmsum hliðum vöruhönnunar. Farið verður í hvernig hugmyndavinna er unnin út frá ólíkum útgangspunktum, efni, orði, hlut, framleiðsluaðferð o.s.frv. Unnið verður með ferlið frá hugmynd til frumgerðar. Farið verður yfirmismunandi framleiðsluaðferðir og efnisval. Vinnan fer að miklu leyti fram verklega á vinnustofu á Listnámsbraut en nemendur eru hvattir til að nota önnur verkstæði skólans eftir þörfum hvers verkefnis. Farið verður í mismunandi smíði á módelum, „mock-up“ og prótótýpum. Einnig verður farið lítillega í hönnun á umbúðum og grafíska framsetningu á umbúðum og kynningarefni þeim tengdum. Nemendur munu hanna nokkrar vörur í áfanganum, lengri og styttri verkefni, þar sem farið verður mislangt í hönnunarferlinu.

Markmið:

- Kynnist ferli vöruhönnunar frá hugmynd, í gegnum vinnuferlið, að vöru.
- Læri grunnforsendur fyrir efnisvali og framleiðsluaðferð á sinni hönnun.
- Fáir smjörþefinn af verklegri reynslu í smíði á þeirra eigin afurðum.
- Vinni með hin ýmis efni í vinnslu eigin hugmynda.
- Læri nokkrar aðferðir við að koma hugmyndunum sínum í áþreifanlegt efni, eftir hráefni / stærð / virkni / áferð.
- Þjálfist í að kynna sín eigin verkefni og færa rök fyrir sínum ákvörðunum.
- Sjái hversu mikilvægar umbúðir og kynningarefni eru fyrir vörur á markaði.

Námsgögn:

Sköpunargáfa nemendanna í bland við tækni, fræði og aðferðir sem sýndar verða og kenndar í tímum. Ítarefni frá kennara og á Moodle
Símar: velkomnir til náms en annars ekki.

Áætlun um yfirferð:

Áfanginn verður kenndur 2svar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum. Kennslan verður í formi fyrirlestra, mynda og videosýninga, verkefni sett fyrir, þau útskýrð og rædd. Flestar kennslustundirnar eru verklegar, þar sem við leysum verkefni, rannsökum viðfangsefni, gerum tilraunir í höndunum, smíðum módel af þeim vörum sem hannaðar hafa verið o.s.frv. Í byrjun annar munum við fara í ýmis styttri verkefni, (klukkstunda, dags, viku og tveggja-þriggja vikna verkefni) sem við tökum mislangt áfram. Í lok annar gerir hver nemandi stærra verkefni, sitt lokaverkefni í áfanganum, sem endar með smíði prótótýpu af hannaðri vöru, ásamt viðeigandi kynningarefni, sýnt á lítilli sýningu í lok annar. Þegar líður á önnina opnast aðgangur að tækjum FabLab (s.s. laserskera, þrívíddarprentara ofl.) Hugsanlega verða tímar færðir utan stundarskrár, í samráði við nemendur, til að fyrir til að sinna verkefnum tengdum FabLab

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti HÖN173	
	Námsáætlun Haustönn 2016	

Farið verður fram á að þið vinnið einnig utan kennslustunda í ykkar verkefnum, rannsakið viðfangsefni ykkar og þróið hugmyndirnar áfram á milli kennslustunda.

Innkaup:


Skissubók helst A4 eða stærri.

Mögulega verður þörf á að þið kaupði eða komið með að heiman eitthvað hráefni, allt eftir því hvernig ykkar eigin verkefni þróast, en ýmislegt er til nú þegar einhversstaðar innan veggja skólans. Þið munuð að mestu leyti sjálf þurfa að að leita og spyrja eftir því.

Námsmat og vægi námsþátta:


Próflaus áfangi. Öll verkefni, vinna og ástundun metin.

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
æfingar	Minni verkefni (hugmynd, útfærsla, framsetning)		35%
Lokaverk	Lokaverkefni (hugmynd, útfærsla, framsetning)		25%
Framlag	Ástundun – Afköst – Vandvirkni		10%
Frumkvæði	Frumkvæði – Leitandi hugsun – Jákvæðni		10%
Vinnubók	Vinnubók (skissubók, dagbók, mappa)		10%
	Sjálfsmat nemanda unnið á kennslutíma		10%
		Samtals:	100%



Með fyrirvara um breytingar
Gangi ykkur vel
Helga

Dagsetning: 23.08.16


Undirritun kennára


Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils